

Sp.

99. Tillaga til þingsályktunar

[90. mál]

um skipulagningu fiskveiða með netjum.

Flm.: Birgir Finnsson, Sigurður Ágústsson, Jón Árnason, Matthías Á. Matthiesen, Kjartan J. Jóhannsson, Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa setningu reglna um takmörkun á veiðitíma, veiðarfæranotkun og veiðisvæðum þeirra skipa, er fiskveiðar stunda með netjum. Við þann undirbúning verði haft samráð við fiskmatsráð, Fiskifélag Íslands og samtök útvegsmanna og sjómanna.

Ef í ljós kemur, að lagasetningu þurfi um þetta efni, verði frumvarp þar að lútandi lagt fyrir Alþingi það, er nú situr.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga um sama mál var borin á síðasta þingi, en hlaut þá ekki endanlega afgreiðslu. Allsherjarnefnd mælti einróma með samþykkt tillögunnar með lítils háttar orðalagsbreytingu.

Að þessu sinni er tillagan fram borin með nokkuð breyttu orðalagi, og tekið er upp það atriði til viðbótar, að sérstök svæði verði skipulögð vegna netjaveiða. Með því er átt við, að netjaveiði verði leyfð á tilteknum tímum á afmörkuðum svæðum og gangi þá fyrir öðrum veiðiaðferðum, en svo sem kunnugt er, hafa stundum orðið átök á miðunum milli þeirra skipa, sem veitt hafa á sömu slóðum með ólíkum veiðarfærum, og hefur þetta valdið bæði afla- og veiðarfæratjóni. Er talið af mörgum, að koma megi í veg fyrir slíkt með því að ætla þeim skipum, er veiða með netjum, sérstök svæði.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar með þáttill. á þskj. 371 frá síðasta þingi, en þar segir m. a. svo:

„Það er alkunna, að fiskveiðar í net eru nú stundaðar hér við land með þeim hætti, að ástæða er til að óttast, að vandræði geti hlotizt af, ef ekki er spyrnt við fótum.

Hin fullkomnu fiskleitartæki í svo að segja hverjum bát og nælonnetin hafa stórauð aflamagnið, og nú er svo komið, að fiskurinn á hvergi griðland. Jafnframt hefur netjáuthaldið verið lengt á kostnað línuveiðanna.

Er það álit kunnugustu manna, að í þessu efni gæti meira kapps en forsjár, og er talið, að um hættu á ofveiði geti verið að ræða. Einkum eru netjaveiðarnar á hrygningarsvæðunum um hrygningartímamann taldar viðsjárverðar í þessu tilliti.

Sá háttur, sem á er hafður við þessar veiðar, veldur því einnig, að aflinn, sem komið er með að landi með ærnum tilkostnaði, er oft gerður að lélegu eða ónot hæfu hráefni til vinnslu. Netjafjöldinn, sem hver bátur á liggjandi í sjó, er svo mikill, að áhafnirnar komast ekki yfir að draga öll netin daglega, og einnig tíðkast það, að net séu látin liggja í sjó yfir helgidaga. Afleiðingin verður margra náttu sjódaður fiskur, sem oftast er erfitt að halda aðgreindum frá þeim fiski, sem innbyrtur er lifandi. Þetta hráefni er naumast hæft til annars en fiskimjölsvinnslu, þó að menn freistist til að salta það eða herða vegna þess, hve lítill verðmunur er á ferskfiski eftir gæðum. Blasir þarna við sú hætta, að ef þannig er haldið áfram, kunnum við að stórspilla aðstöðu okkar á fiskmörkuðum.

Framanrituð tillaga til þingsályktunar er fram borin með það í huga, að þessi háskalega þróun verði stöðvuð og fundnar verði leiðir til úrbóta. Telja flutningsmenn það hægt, t. d. með því að takmarka veiðitíma þannig, að ekki megi hefja netjaveiðar fyrr en t. d. 15. marz eða 15. apríl, og jafnframt séu settar reglur, er komi í veg fyrir það, að net séu látin liggja í sjó meira en einn sólarhring í einu, ef veður hamlar ekki drætti. Loks verði takmarkaður sá netjafjöldi, sem hverju skipi er leyfilegt að leggja í sjó í einu.“

Það er ætlun flutningsmanna, að reglur í þá átt, sem fjallað er um í framangreindri þáttill., verði settar fyrir komandi vetrarvertíð, sé þess nokkur kostur.